

| Bæjarskrifst. Garðabæjar |          |
|--------------------------|----------|
| Mótt.dags.               | 04.03.21 |
| Málalykill               | 9.33     |
| Mál nr.                  | 1910294  |



Garðabær  
Arinbjörn Vilhjálmsson, skipulagsstjóri  
Garðatorgi 7  
210 Garðabær

Reykjavík, 25. febrúar 2021  
Tilvísun: 202012024 / 3.4

### Efni: Deiliskipulag Rjúpnadal, Garðabær

Garðabær hefur, með erindi dags. 11. desember 2020, sent Skipulagsstofnun ofangreint deiliskipulag til yfirferðar samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga og var málsmeðferð skv. 41. gr. laganna. Athugasemdafresti lauk 7. september 2020. Deiliskipulagið var samþykkt óbreytt í bæjarstjórn, þann 19. nóvember 2020, umsögn skipulagsnefndar um framkomnar athugasemdir var samþykkt 12. nóvember 2020.

Tillögur að deiliskipulagsáætlunum fyrir Rjúpnadal, Vetrarmýri og Hnoðraholt norður ásamt tillögu að breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar vegna Vífilstaðalands voru allar auglýstar og afgreiddar samtímis. Athugasemdir sem bárust við eina eða fleiri af þessum áætlunum voru að sama skapi afgreiddar samhliða og eru viðbrögð við umsögnum og athugasemdum tekin saman í tveimur heftum, dags. 19. nóvember 2020.

Innan deiliskipulagssvæðisins er gert ráð fyrir fyrir kirkjugarði, minningargarði, lóð fyrir þjónustubyggingu kirkjugarðs, bálfararstofu, kennileiti og meðferðarstofnun.

Heildarbyggingarmagn er 5.500 m<sup>2</sup> á 1-2 hæðum, með hámarkshæð 7 m og kennileitis/listaverk 15 m. Jafnframt er gert ráð fyrir aðkomu, bílastæðum og göngustígum.

Deiliskipulagið er sett fram í greinargerð dags. 19. nóvember 2020 og á uppdrætti í mkv. 1:1.500 dags. 19. nóvember 2020. Erindinu fylgdi jafnframt skýringaruppdráttur í mkv. 1:1.500 dags. 19. nóvember 2020 og umhverfisskýrsla dags 16. apríl 2020.

Skipulagsstofnun hefur yfirfarið framlögð gögn og gerir ekki athugasemd við að sveitarstjórn birti auglýsingu um samþykkt deiliskipulagsins í B-deild Stjórnartíðinda.

Stofnunin minnir á að aðalskipulagsbreyting /rammahluti aðalskipulags, þarf að taka gildi áður en deiliskipulagsbreytingin er birt í B-deild.

  
Sigríður Björk Jónsdóttir